

## FUNDARGERÐ

370. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 15. febrúar 2016 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Forföll boðaði Anna Þrúður Þorkeldsdóttir.

Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 1. Undirbúningur aðalfundar

Farið yfir skýrslu stjórnar og hún samþykkt endanlega.

Ársreikningur undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

*Rekstrarafkoma ársins var jákvæð um 15.836.582. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr 61.642.070, bókfært eigið fé í árslok nemur kr. 15.107.093.*

*Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins komi fram í ársreikningnum*

Kjörnefnd tilbúin fyrir aðalfundin. Auk þess starfsmenn fundarins, fundarstjóri, ritari og starfsmenn í eldhúsi.

Umræða um hreyfingu og gildi hennar fyrir eldri borgara og nýja skýrslu nefndar sem Ellert stýrði fyrir Reykjavíkurborg og FEB. Rætt um að kynna á aðalfundinum.

Tillaga fyrir aðalfund um ábyrgð og töku ákvarðana vegna byggingarframkvæmda. Samþ. að leggja fyrir aðalfund.

Aðalfundur felur stjórn FEB og byggingarnefnd félagsins að taka allar ákvarðanir vegna framkvæmda, fjármögnunar og sölu á fyrirhuguðum íbúðum að Árskógum 1 - 3, Reykjavík.

#### 2. Önnur mál

Afsláttarbókin – fram kom tillaga að bókin verði gefin út árlega fyrir FEB eingöngu.

- Vísað til nýrrar stjórnar.

Umræða um lóð við Árskóga og kvaðir Reykjavíkurborgar.

Gísli reifaði þær kvaðir sem Rvkborg vill setja inn varðandi úthlutun lóðar til félagsins og hvaða verð verður sett á.

Birna kom inn á spurningu/könnun sem LEB sendi út og óskar eftir að formenn aðildarféлага svari: „*Er öldruðum mismunað í þínu landi, gagnvart öðrum aldurshópum og ef svo er, á hvaða sviði?*“

Rætt um Öldungaráð og kynningu á nýrri hugsun í hjúkrun og heimaþjónsutu eldri borga „hjemmetræner“.er nýtt starfsheiti í Danmörk og Noregi en þar er nú horft

meira til þjálfunarheima og stuðnings við búsetu með ymsum leiðum sem haf ekki verið nýttar. Öldungaráð fagnaði þessari þróun.

Formaður þakkaði Birnu og Ester sem nú hverfa úr stjórn vegna ákvæðis um að enginn sitji lengur en fjögur ár, fyrir störf fyrir og innan FEB. Þær tóku báðar til máls og þakkaði Ester stjórn fyrir samstarfið og breytt starfsumhverfi s.l. ár formanni fyrir að koma félaginu út úr löngum fjárhagsvanda og framkvæmdstjóra sérstaklega fyrir sýnileika og áhuga á starfi félagsmanna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.50.

Þetta var síðasti fundur þessarar stjórnar.  
Aðalfundur er boðaður 18. febrúar kl. 15.30.